

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 28/2023

2023/EES/75/28

frá 3. febrúar 2023

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum
utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 86. gr. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Skv. 6. mgr. 4. gr. bókunar 31 skulu samningsaðilar hvetja til viðeigandi samstarfs milli þar til bærra samtaka, stofnana og annarra aðila á yfirráðasvæðum sínum þar sem slíkt gæti stuðlað að því að styrkja og víkka út samstarfið. Á þetta einkum við um málefni sem heyra undir starfsemi Evrópumíðstöðvar um þróun starfsmenntunar (Cedefop).
- 2) Rétt er að auka umfang samstarf aðilanna að EES-samningnum þannig að það taki til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/128 frá 16. janúar 2019 um að koma á fót Evrópumíðstöð fyrir þróun starfsmenntunar (Cedefop), og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 337/75 ⁽¹⁾.
- 3) Því ber að breyta bókun 31 við EES-samninginn svo aukið samstarf geti hafist frá 1. janúar 2023.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta 6. mgr. 4. gr. bókunar 31 við EES-samninginn:

- „a) EFTA-ríkin skulu frá 1. janúar 2023 taka þátt í starfsemi sem kann að leiða af eftirfarandi lagagerð Sambandsins:
- **32019 R 0128:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/128 frá 16. janúar 2019 um að koma á fót Evrópumíðstöð fyrir þróun starfsmenntunar (Cedefop), og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 337/75 (Stjtið. ESB L 30, 31.1.2019, bls. 90).
- b) EFTA-ríkin skulu taka þátt í kostnaði í tengslum við starfsemi sem um getur í a-lið í samræmi við a-lið 1. mgr. 82. gr. samningsins og bókun 32 við samninginn.
- c) EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt, án atkvæðisréttar, í stjórn Cedefop.
- d) Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. mgr. 12. gr. og a-liðar 3. mgr. 82. gr. ráðningarskilmála annarra starfsmanna Evrópubandalaganna er framkvæmdastjóra Cedefop heimilt að gera ráðningarsamning við ríkisborgara EFTA-ríkjanna sem njóta óskertra borgaralegra réttinda.
- e) Þrátt fyrir ákvæði e-liðar 2. mgr. 12. gr., e-liðar 3. mgr. 82. gr. og 3. mgr. 85. gr. í ráðningarskilmálum annarra starfsmanna Evrópusambandsins, skal Evrópumíðstöðin Cedefop, að því er varðar starfsfólk hennar, líta á tungumálin sem vísað er til í 1. mgr. 129. gr. samningsins sem tungumál Sambandsins sem vísað er til í 1. mgr. 55. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.
- f) Cedefop er lögaðili. Hún skal njóta í öllum ríkjum samningsaðila ítrasta rétthæfis og gerhæfis lögaðila samkvæmt löggjöf samningsaðila.
- g) EFTA-ríkin skulu láta Evrópumíðstöðina Cedefop og starfsfólk hennar njóta sérréttinda og friðhelgi með hliðstæðum hætti og kveðið er á um í Bókun um sérréttindi og friðhelgi Evrópusambandsins.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 30, 31.1.2019, bls. 90.

- h) Að því er varðar beitingu reglugerðar (ESB) 2021/696, skulu ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar einnig gilda um þau skjöl Evrópumíðstöðvarinnar Cedefop sem varða EFTA-ríkin.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning, samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins, hefur farið fram (*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2023.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Sameiginleg yfirlýsing samningsaðilanna**vegna ákvörðunar nr. 28/2023 sem felur í sér ákvæði um að fella reglugerð
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) 2019/128 inn í samninginn**

Samningsaðilar viðurkenna að innleiðing þessarar lagagerðar er með fyrirvara um beitingu bókunar 7 um sérréttindi og friðhelgi Evrópusambandsins til handa ríkisborgara EFTA-ríkjanna á yfirráðasvæði hvers aðildaríkis Evrópusambandsins, í samræmi við 11. gr. bókunarinnar.